

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 2. maí 2022

Mál nr. S-1978/2021:

Lögrelustjórinn á Suðurnesjum

(*Daníel Reynisson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X

(*Stefán Karl Kristjánsson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 4. apríl 2022, er höfðað með ákæru lögrelustjórans á Suðurnesjum 27. september 2021 á hendur ákærða, X, kt. [...], fyrir eftirtalin hegningarlaga- og fíkniefnalagabrot:

I.

Fyrir líkamsárás, gagnvart þáverandi sambýliskonu sinni, Y, kt. [...] með því að hafa, í desember 2019, í eldhúsi á þáverandi heimili þeirra á [...], tekið hana hálstaki með báðum höndum.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Fyrir líkamsárás gagnvart þáverandi sambýliskonu sinni, Y, kt. [...] með því að hafa, þann 28. júlí 2020, á þáverandi heimili þeirra að [...], slegið í hönd hennar þar sem hún hélt á farsíma sem við það lenti í andliti hennar, síðan tekið hana hálstaki með báðum höndum og þrengt að hálsi hennar og dregið hana þannig að útidyrhurðinni þar sem þau dattu bæði í gólfíð og hún komst út úr íbúðinni og leitaði sér aðstoðar hjá nágranna. Voru afleiðingar háttsemin ákærða þær að Y fékk blóðnasir, eymsli fyrir neðan nef, hlaut roða og eymsli yfir hálsi, tognun/ofreynslu á háls hrygg sem og eymsli yfir herðum beggja vegna.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa á sama tíma og sama stað og í ákærulið nr. II. haft í vörslum sínum samtals 3,25 g af ecstasy og 15 stk. af ávana- og fíknilyfinu Sildenafil Actavis (töflur merktar Kamagra 100 mg oral jelly og KGR-100), er lögregla fann í bakpoka ákærða við öryggisleit vegna ákæruliðar nr. II og ákærði afsalaði sér til eyðingar hjá lögreglu.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 2. gr. og 1., sbr. 4., mgr. 3. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 60/1980, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001 og reglugerð nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni, sbr. reglugerð nr. 808/2018 og reglugerð nr. 105/2021.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess krafist að gerð verði upptæk með dómi framangreind 3,25 g af ecstasy og 15 stk. af ávana- og fíknilyfinu Sildenafil Actavis, samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 10/1997 og 68/2001, sbr. 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001.

Af hálfu Y er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni skaða- og miskabætur að fjárhæð 1.550.000 krónur með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 28. september 2020 þar til mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfunnar en dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar vegna starfa réttargæslumanns brotþola.

Ákærði krefst þess að lið I í ákæru verði vísað frá dómi eða að hann verði sýknaður af kröfum ákæruvaldsins. Hvað varðar lið II í ákæru er þess krafist að ákærði verði sýknaður en til vara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa. Einnig er þess krafist aðallega að bótakröfu brotþola verði vísað frá dómi, en til vara að hún verði lækkuð. Þá krefst verjandi ákærða þóknunar sér til handa, sem greiðist úr ríkissjóði.

Ákæruliður I. Líkamsárás í desember 2019 [...].

I.

Hinn 11. janúar 2021 var tekin skýrsla af ákærða hjá lögreglu vegna meintrar líkamsárásar á hendur brotþola í desember 2019 [...], en við skýrslutöku hjá lögreglu 29. júlí 2020, vegna rannsóknar á líkamsárás 28. júlí 2020, sbr. ákærulið II, kom fram að ákærði hefði gripið um háls brotþola. Brotþoli hafði einnig greint frá því í skýrslutöku hjá lögreglu 28. september 2020 að ákærði hefði gripið um háls hennar [...] í desember 2019.

Um atvik umrætt sinn [...] sagði ákærði hjá lögreglu að þau hefðu verið að rífast. Brotþoli hafi verið orðin ansi æst og verið komin fast upp að andliti hans, sveiflað höndum en þó ekki verið farin að lemja til hans. Hún hafi rosalega mikið verið að benda

upp við hann. Hann hefði sagt henni að slaka á og hætta að rífast. Hún hefði ekki hætt eða róað sig niður svo að hann hefði gripið um háls hennar og sagt henni bara að hætta. Síðan hefði hún farið inn í herbergi. Þetta hefði ekki verið hálstak. Hann hefði bara gripið í hálsinn á henni til þess að segja henni að hætta. Um aðdraganda málsins sagði ákærði að hún hefði verið með einhverjar ranghugmyndir. Hún hefði haldið að hann hefði verið að hitta vinkonu hennar og hann hefði farið að ásaka hana um eitthvað. Þannig hefðu þau farið að rífast. Ákærði kvaðst vera fullur iðrunar og vildi bæta fyrir brot sín.

II.

Við aðalmeðferð málsins sagði ákærði að hann og brotþoli hefðu verið að rífast í eldhúsinu og hún hafi verið alveg uppi í andlitinu á honum og sveiflandi höndum. Hann hefði ekki gripið í hálsinn á henni heldur ýtt henni frá sér, með báðum höndum, á hálsinn. Hún hefði strunsað í burtu. Jafnframt sagði ákærði að brotþoli væri með geðhvarfasýki og væri „snargeðveik“. Hann hefði verið að verja sig. Þetta hefði verið ofbeldissamband af hennar hálfu. Hún væri hættuleg samfélaginu. Hún hefði farið í meðferð um áramótin en væri fallin. Þá sagði ákærði að hún hefði haldið við lögreglumann og hann hefði því ekki getað kært hana fyrir ofbeldi. Borinn var undir ákærða framburður hans hjá lögreglu um að hafa gripið um háls brotþola og sagði ákærði að þetta væri ekki rétt, hann hefði ekki gripið um háls hennar.

Brotþoli sagði fyrir dómi að hún og ákærði hefðu verið saman í [...] ár. Fram kom að fyrstu [...] árin hefðu verið mjög góð en eftir það hafi farið að halla undan fæti. Þau eigi einn son saman. Umrætt sinn hafi þau verið að drekka og ákærði ásakað hana um framhjáhald, sem hafi ekki verið rétt. Hún hefði staðið við eldhúsvaskinn og útskýrt mál sitt, að hún hefði hringt í vin hans á Íslandi. Hún hefði verið með fingur á lofti til að leggja áherslu á mál sitt. Hann hefði þá gripið í hana, tekið um háls hennar með báðum höndum. Þetta hefði ekki verið lengi, örfáar sekúndur. Hann hefði svo labbað í burtu. Hún kvaðst hafa verið mjög hrædd og ekki þorað að segja frá þessu, eins og þetta væri skömm fyrir hana.

III.

Ákærði neitar sök. Ákærði lýsti hins vegar hjá lögreglu 11. janúar 2021, bæði með orðum og látbragði, að hann hefði gripið um háls brotþola með báðum höndum. Þannig hafi hann tekið hana hálstaki, eins og honum er gefið að sök í ákærulið I. Fyrir dómi neitaði hann að hafa tekið hana hálstaki heldur hefði hann ýtt henni frá sér með báðum höndum, með því að ýta á háls hennar. Hefur ákærði ekki gefið trúverðugar skýringar á þessu misræmi í framburði sínum hjá lögreglu og fyrir dómi.

Brotþoli hefur á skýran og trúverðugan hátt lýst atvikum. Þau hafi verið að rífast. Hún hafi staðið við eldhúsvaskinn og verið með fingur á lofti til að leggja áherslu á mál sitt. Hann hefði þá gripið um háls hennar með báðum höndum. Engin ástæða var fyrir

ákærða að „verja“ sig með því að taka hana hálstaki og var honum í lófa lagið að labba í burtu.

Með vísan til alls framangreinds er sannað svo hafið er yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærulið I. Þessum ákærulið verður ekki vísað frá dómi enda verður ákærða gerð refsing hér á landi með vísan til 2. tl. 1. mgr. 5. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en brot hans varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæruliður II. Líkamsárás 28. júlí 2020.

I.

Í frumskýrslu lögreglu 28. júlí 2020 kemur fram að lögreglu barst tilkynning um heimilisofbeldi að [...]. Tilkynnandi, A, hefði greint frá því að nágrennakona hefði komið til sín með blóðuga áverka á höfði og gerandi væri hugsanlega fyrir utan íbúðina. Er lögreglumenn komu á vettvang hafi tilkynnandi vísað þeim á brotþola, Y, í íbúð tilkynnanda. Brotþoli hafi greint frá því að hún og ákærði hefðu verið að rífast. Hann hefði ásakað hana um framhjáhald og hún sagt að það væri ekki rétt. Hún hafi tekið upp síma sinn og ákærði þá komið og slegið síma hennar í andlitið á henni. Þau hafi haldið áfram að rífast þegar ákærði hafi ætlað að yfirgefa íbúðina og tekið kippu af bjór úr ísskápnum. Hún hafi beðið hann að skilja einn bjór eftir handa sér en hann ekki viljað það og gengið út úr íbúðinni. Hún hefði farið á eftir honum og tekið í rassvasann á buxunum hans með þeim afleiðingum að hann rifnaði. Þau hafi verið komin út og við enda hússins. Ákærði hafi reiðst skyndilega og tekið mjög fast um háls hennar með báðum höndum og dregið hana að útidyrnum en þar hafi hann sleppt henni og gengið burt. Hún hefði þá farið til A, nágrennakonu sinnar, sem hafi hringt á Neyðarlínuna. Einnig sagði brotþoli að þetta hefði ekki verið í fyrsta skipti sem hann hefði tekið hana hálstaki. Þetta hefði líka gerst í desember 2019. Brotþoli var færð á [...] til skoðunar. Lögregla fann ákærða fyrir framan næsta hús og var hann handtekinn.

Tekin var skýrsla af ákærða hjá lögreglu 29. júlí 2020. Ákærði sagði að hann og brotþoli hefðu verið að rífast yfir daginn. Hún væri með geðhvarfasýki og hefði verið búin að rugla í lyfjunum sínum síðustu mánuði og verið með skapsveiflur. Svo hefði það sprungið deginum áður, 28. júlí, og hann hefði labbað út. Þá hefði hún hringt í hann og beðið hann um að koma og hugga son þeirra. Hann hefði rölt til baka og opnað dyrnar, sótt sér bjór. Hún hefði ráðist á hann og viljað taka bjórinn og töskuna af honum. Hann hefði slitið sig lausan og labbað frá henni. Þá hafi hún rífið í vasann á buxum hans. Hann hefði snúið sér við og tekið um hálsinn á henni og sagt henni að láta sig vera. Síðan hefðu þau dottið þarna fyrir utan og hann hefði farið í burtu og stuttu seinna hefði lögreglan komið. Um rífrildi þeirra sagði ákærði að brotþoli hafi verið að „búa til læti“ og hann hefði sagt að hann treysti henni ekki og væri farinn frá henni. Einnig kom fram hjá

ákærða að hann hefði tekið símann af brotþola og síminn kannski rekist í nef hennar. Það hefði gerst fyrr um daginn. Borinn var undir ákærða framburður brotþola um að hann hefði gripið um háls hennar með báðum höndum og dregið hana að útidyrnum. Ákærði svaraði: „Ég greip um hálsinn á henni fór með hana svo duttum við. Ég greip ekkert fast. Ég stóð upp, mjög reiður og fór.“ Ákærði kvaðst ekki vita hvernig hún hefði fengið blóðnasir og hann hefði ekki séð blóð á henni. Aðspurður sagði ákærði að það hefði áður gerst að hann hefði gripið um háls hennar. Það hafi verið í desember [...]. Hún „missti sig“ og hann hafi sagt henni að hætta. Ef hann þurfi að stoppa hana þegar hún sé viti sínu fjær þá verði hann að gera það einhvern veginn. Ákærði kvaðst iðrast þess að hafa snert hana.

Brotþoli gaf skýrslu hjá lögreglu 28. september 2020. Hún greindi frá því að hinn 28. júlí hefðu hún og ákærði verið að rífast. Hann hefði brjálást og henni fundist eins og hann dytti í geðrof. Hann hafi ætlað að fara og hún hefði tekið í töskuna hans og náð í einn bjór af honum sem hún hafi átt en hann hefði snúið sér við og ýtt henni inn. Þá hafi hún orðið fúl, elt hann og ætlað að ná í veski hans. Hún hefði tekið í vasann á buxum hans sem hafi rifnað. Ákærði hefði snúið sér við og gripið um háls hennar, kreist á henni hálsinn. Hann hefði séð hvað hún varð hrædd, sleppt takinu í smá sund og síðan hert aftur takið. Hann hefði notað báðar hendur. Hún hefði náð að bregða fyrir hann fæti og síðan hefðu þau dottið. Hún hefði náð að hlaupa upp til nágretta síns sem hefði hringt á lögregluna. Um aðdragandann sagði brotþoli að ákærði hefði ásakað hana um framhjáhald með vini hennar, sem heiti B, en það væri alls ekki rétt. Þá greindi brotþoli frá því að ákærði hafi verið búinn að drekka þennan dag en ekki hún. Einnig kom fram að brotþoli væri með geðhvarfasýki og að hún tæki lyf. Hún hefði minnkað skammtastærðirnar fyrr um sumarið en það hefði ekkert haft neitt með þetta að gera. Þau hefðu verið að rífast og hún hefði sagt við hann að hún ætti bara að hringja í B og ríða honum. Þá hefði hann rokið út. Hún sæi eftir að hafa sagt þetta. Spurð hvernig ákærði hefði gripið um háls hennar sagði hún að hann hefði gert það með báðum höndum. Hann hefði sleppt takinu aðeins og hert síðan aftur. Það hafi verið eins og snákur um háls hennar. Henni hafi verið illt framan á hálsinum í nokkra daga eftir á. Hann hefði kreist mikið og ýtt henni 2-3 metra haldandi um háls hennar. Hann hafi ætlað með hana inn í íbúðina en hún hafi sett fótinn fyrir hann svo að þau dattu. Hún hafi náð að losa sig og hlaupið upp. Innt eftir því hvort ákærði hefði áður gripið um háls hennar sagði hún að hann hefði gert það á [...] í desember 2019.

Hinn 21. september 2020 var tekin lögregluskýrsla af vitninu A. Vitnið greindi frá því að hafa verið inni í eldhúsi að elda kvöldmat þegar brotþoli hefði komið. Hún hefði sagt að þau hafi verið að rífast og ákærði hefði kýlt sig. Hún hefði verið í miklu uppnámi, verið blóðug og með áverka á hálsi. Nánar tiltekið hafi verið handafar á hálsi og hún verið rauð. Hún hefði verið með greinilega áverka eftir ofbeldi og sagt að hún

væri hrædd um líf sitt og hann hefði reynt að kyrkja hana. Vitnið kvaðst hafa hringt á lögregluna.

Vitnið C gaf skýrslu hjá lögreglu 22. september 2020. Vitnið kvaðst búa í sama húsi og ákærði og brotaþoli. Hann hefði heyrt umrætt sinn eitthvert hljóð, mann öskra og skell. Hann hefði öskrað: „Fock“, og síðan komið einhver skellur. Síðan hefði vitnið séð brotaþola hlaupa upp stigann og öskra: „A“, þvisvar sinnum. Vitnið hefði ekki orðið vart við neitt meira fyrr en lögregla kom. Vitnið kvaðst hafa tekið myndskleið af því sem það hefði orðið vitni að.

II.

Í málinu liggur fyrir læknisvottorð D, sérfræðings í heimilislækningum, dags. 26. september 2020. Í vottorðinu segir að það hafi verið unnið upp úr rafrænni sjúkraskrá [...] en læknirinn hafi ekki sjálfur annast brotaþola. Þá segir í vottorðinu að brotaþoli hafi komið á heilbrigðisstofnunina 28. júlí 2020 vegna árásar af hendi eiginmanns síns. Ekki hafi verið að sjá bólgu, sár eða önnur áverkamerki á höfði. Hún hafi ekki verið „þreyfiaum“ yfir höfði. Ekki hafi verið áverkamerki á andliti, sár eða mar. Hún hafi verið aum yfir „maxillu“ rétt neðan við nef. Nef hafi „þreyfast“ án verkja og ekki verið skakkt að sjá. Storknað blóð hafi verið í báðum nösnum. Þá hafi hún lýst verkjum í efstu fjórum „insissorum“ í efri góm. Tanngarður hafi verið heill að sjá. Framan á hálsi hafi verið samfelldur roði frá miðjum hálsi sem liggja „lateralt“ beggja vegna neðan við eyru. Hún hafi verið aum viðkomu við „occipital“ vöðvafestu „trapezius“ á vinstri hlið. Hreyfiferlar í hálsi séu eðlilegir. Lítil eymsli þegar hún líti yfir hægri öxl og lítillaga þreyfiaum yfir herðum beggja vegna og stíf. Hreyfiferlar í baki eðlilegir. Þá hafi hún verið „palaum“ yfir miðri vinstri rasskinn. Gamall marblettur hafi verið aftan á vinstra læri og framan á hægri sköflungi.

III.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

Ákærði sagði um atvik 28. júlí 2020 að hann og brotaþoli hefðu rifist. Hann hefði grunað hana um framhjáhald og verið pirraður. Hann hefði labbað út. Hún hefði svo hringt í hann og viljað að hann tæki son þeirra og hann hefði snúið við. Þegar hann hafi komið hafi hún sagt að hann þyrfti ekki að koma. Hann hefði tekið tvo bjóra út úr ísskápnum og sett í tösku. Hann hefði farið út og hún komið og gripið í tösku hans og í buxnavasann til að taka veski hans og rífið vasann af. Hann hefði snúið sér við og tekið þetta tak á henni. Þau hefðu dottið. Hann kvaðst hafa fengið taugaáfall og labbað í burtu, farið út á leikskóla og drukkið einn bjór. Brotaþoli hefði farið gargandi upp til nágretta. Lögreglan hefði svo komið og handtekið hann. Nánar spurður um atvik sagði ákærði að hann hafi ætlað að taka símann af brotaþola og síminn rekist í nef hennar. Þá sagði ákærði að hann hefði tekið um háls hennar en ekki þrengt að þannig að hún gæti ekki andað. Þetta hafi bara verið „láttu mig vera“. Hann hefði séð hvað hún varð hrædd. Hann hefði

tekið um háls hennar með báðum höndum. Hann hafi alveg verið „kominn í þrot þarna“. Þau hefðu dottið um reiðhjól fyrir utan íbúð þeirra. Ákærði neitaði því að hafa dregið brotaþola. Hún hefði hlaupið upp til nággranna og hann hefði farið í burtu. Hann hafi ekki getað „höndlað þetta rugl“. Þá sagði ákærði að brotaþoli hafi ekki verið með neina áverka eftir þetta. Hann kvaðst hafa tekið í háls hennar til að stöðva hana. Þetta hefði ekki gerst inni í íbúðinni, eins og segir í ákæru.

Brotaþoli greindi frá því að ákærði hefði umræddan dag, 28. júlí 2020, ásakað hana um framhjáald, en það hafi ekki verið rétt. Hún hafi verið smeyk við ákærða og verið að senda móður sinni skilaboð um að sækja son þeirra þegar ákærði hefði slegið í símann sem hafi lent milli munns og nefs hennar. Hann hefði síðan sett eitthvert drasl í tösku og tekið þrjá bjóra. Hún hefði beðið hann um að skilja eftir einn bjór en hann hefði labbað út. Hún hefði þá slegið í tösku hans. Hún hefði beðið hann um að koma til baka og ekki viljað að þetta endaði svona. Hún hafi ætlað að taka í buxnavasa hans til að ná veski hans þar sem hann hafi ætlað að skilja hana eftir auralausa. Hann hefði þá snúið sér við og tekið um háls hennar, tekið skref og þau dottið. Hún hefði lagst í fósturstöðu á jörðinni og kallað á nággranna. Hún hefði fengið blóðnasir. Þá hafi hún farið upp til nággranna og verið hágrátandi. Á meðan á þessu stóð hafi sonur þeirra, sem var [...] ára, verið einn í íbúðinni. Brotaþoli kvaðst vera með áfallastreituröskun og hafa eftir þetta misst tökin á neyslu og öllu í kringum sig. Hún hefði farið í meðferð sem hún hafi lokið í febrúar á þessu ári. Einnig kom fram hjá brotaþola að hún væri með geðhvarfasýki og hefði „drukkið og dópað“ ofan í lyfin. Hún hefði notað allt sem ákærði hefði boðið henni upp á.

Vitnið A skýrði frá því að hafa verið í eldhúsinu og heyrt öskur og læti. Dóttir vitnisins hefði opnað dyrnar fyrir brotaþola sem hafi verið alblóðug í andliti. Þá hafi brotaþoli verið með handaför á hálsi. Vitnið kvaðst hafa hringt strax á lögregluna sem hafi komið á staðinn.

Vitnið C lýsti því fyrir dómi að hafa verið í herbergi sínu á 2. hæð í húsinu að [...] þegar hann hafi heyrt hljóð fyrir neðan. Hann hefði séð brotaþola hlaupa upp stigann og verið blóðug. Vitnið kvaðst hafa tekið upp myndskleið, sem liggur fyrir í málinu.

Vitnið E læknir staðfesti fyrirbyggjandi læknisvottorð frá 26. september 2020. Vitnið kvaðst ekki hafa sjálft skoðað brotaþola en verið sérfræðingurinn á bak við skoðunina. Fram kom hjá læknum að vottorðið væri vel unnið.

IV.

Ákærði neitar sök. Bæði ákærði og brotaþoli hafa lýst því að þau hafi rifist umræddan dag og hann hafi ætlað að fara af heimilinu. Hann hafi tekið tösku, sett í hana bjór og farið. Brotaþoli hafi tekið í töskuna eða slegið í hana og rifið í buxnavasa hans en hún hafi ætlað að taka veski hans. Brotaþoli lýsir því, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, að þá hafi hann snúið sér við og gripið um háls hennar með báðum höndum og kreist á

henni hálsinn. Ákærði viðurkenndi hjá lögreglu að hann hefði gripið um háls hennar. Lýsti hann því að hafa tekið brotþola hálstaki, eins og brotþoli hefur greint frá og honum er gefið að sök í ákæru. Fyrir dómi kvaðst hann hafa „tekið þetta tak“ á henni. Hann hefði tekið um háls hennar báðum höndum en ekki þrengt að. Samkvæmt vitnisburði nágranna, A, var brotþoli í miklu uppnámi og með handaför á hálsi. Þá kemur fram í fyrirbyggjandi læknisvottorði að brotþoli hafi verið með roða framan á hálsi. Brotþoli hefur jafnframt lýst því að ákærði hafi slegið í hönd hennar þar sem hún hélt á farsíma og lenti hann í andliti hennar. Brotþoli var blóðug í andliti þegar hún leitaði til nágranna síns og fram kemur í læknisvottorði að það hafi verið blóð í nefi hennar. Ákærði og brotþoli hafa bæði lýst því að þau hafi dottið. Með vísan til alls framangreinds verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi og þær afleiðingar sem greinir í ákæru, að því gættu að ekki verður fullyrt að hann hafi dregið hana. Þá hefur komið fram fyrir dómi að þegar hann tók hana hálstaki og þau dattu voru þau fyrir utan íbúðina en ekki á heimilinu, eins og segir í ákæru. Er hér um aukaatriði brots að ræða sem hefur ekki þýðingu og hefur vörn ákærða ekki verið áfátt vegna þessa atriðis. Brot ákærða varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákæruliður III. Fíkniefnalagabrot.

Ákærði hefur skýlaust játað brot sitt. Sannað er með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins að hann er sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök og er brot hans rétt heimfært til refsíákvæða í ákæru.

Refsing, skaðabætur, upptaka og sakarkostnaður.

Ákærði er fæddur [...]. Samkvæmt sakavottorði hans nær sakaferill hans aftur til ársins 2001, en fyrri brot hans hafa ekki áhrif á refsíákvörðun í máli þessu. Við ákvörðun refsingar er til þess að líta að um er að ræða líkamsárásir gegn þáverandi sambyliskonu hans og barnsmóður. Horfir það til refsíþyngingar, sbr. 3. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Ákærði hefur að nokkru viðurkennt þá háttsemi sem hann er sakfelldur fyrir og horfir það honum til málsbóta. Að öllu þessu virtu er refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í fjóra mánuði, en rétt þykir að fresta fullnustu refsingar og hún falli niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Að kröfu ákærvaldsins skulu upptæk til ríkissjóðs 3,25 g af ecstasy og 15 stk. af ávana- og fíknilyfinu Sildenafil Actavis (töflur merktar Kamagra 100 mg oral jelly og KGR-100), sem lögregla lagði hald á.

Í málinu liggur fyrir skaðabótakrafa brotþola að fjárhæð 1.550.000 krónur. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir líkamsárásir og á brotþoli rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. lög nr.

37/1999. Að þessu virtu og með hliðsjón af dómaframkvæmd þykja bætur hennar hæfilega ákveðnar 700.000 krónur. Dráttarvextir reiknast frá 2. janúar 2022, þegar liðinn var mánuður frá birtingu kröfunnar fyrir ákærða, sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Með vísan til 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnað málsins, samtals 2.046.121 krónu. Samkvæmt yfirliti um sakarkostnað er um að ræða kostnað vegna læknisvottorðs, 33.726 krónur. Þá ber ákærða að greiða þóknun verjanda, sem er hæfilega ákveðin 976.500 króna, að virðisaukaskatti meðtöldum. Þá er þóknun réttargæslumanns brotþola ákveðin, með hliðsjón af tímaskýrslu, 995.575 krónur, að virðisaukaskatti meðtöldum, og aksturskostnaður er að fjárhæð 40.320 krónur.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, X, sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði sæti upptöku á 3,25 g af ecstasy og 15 stk. af ávana- og fíknilyfinu Sildenafil Actavis (töflur merktar Kamagra 100 mg oral jelly og KGR-100), sem lögregla lagði hald á.

Ákærði greiði Y 700.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 28. september 2010 til 2. janúar 2022, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði í sakarkostnað 2.046.121 krónu, þar með talin 976.500 króna þóknun skipaðs verjanda hans, Stefáns Karls Kristjánssonar lögmanns, og 995.575 króna þóknun réttargæslumanns brotþola, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns.

Sandra Baldvinsdóttir